



# Ársskýrsla skólafélagsráðgjafa

Skólaárið 2025-2026

Halla Dröfn Jónsdóttir

Félagsráðgjafi

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Skólafélagsráðgjöf og kynningastarf .....	2
Tengiliður í þágu farsældar barna .....	3
Ráðgjöf og einstaklingsviðtöl .....	3
EKKO vinna.....	4
Samstarf og símenntun.....	6
Umræður og framtíðarsýn .....	7

## Skólafélagsráðgjöf og kynningarstarf

Skólaárið 2025–2026 starfaði einn félagsráðgjafi við Fjölbrotaskóla Suðurlands í 90% stöðuhlutfalli. Við upphaf haustannar var haldinn nýnemadagur þar sem starf félagsráðgjafa var kynnt fyrir nýnemum og spurningum svarað. Félagráðgjafi tók einnig þátt í foreldrakynningu nýnema þann 2. september og opnu húsi skólans þann 24. mars.

Á skólaárinu sköpuðust fjölmörg tækifæri til að kynna starf og verkefni skólans á faglegum vettvangi. Þann 23. september flutti félagsráðgjafi, að beiðni Barna- og fjölskyldustofu, erindi á haustfundi skólameistara. Tilgangur erindisins var að miðla reynslu og lærdómi af innleiðingu farsældarlaganna og deila hagnýtum dæmum úr framhaldsskólaumhverfi. Einnig voru haldnar kynningar fyrir nemendur í námi um farsæld barna við Háskóla Íslands og fyrir nemendur í skólafélagsráðgjöf.

Fyrir hönd EKKO-teymis FSu, kynnti félagsráðgjafi vinnu skólans í EKKO-málum á vettvangi Öruggara Suðurlands. Kynningin var haldin fyrir skólastjórnendur á Suðurlandi, með áherslu á þátttöku ungmenna í mótun forvarnarefnis. Þá kynnti EKKO-teymið EKKO-vinnuna á fundi með starfsfólki skólans þann 22. maí sl. en verkefnið hlaut styrk úr fagefningarsjóði.

Á skólaárinu tók félagsráðgjafi jafnframt þátt í alþjóðlega þróunarverkefninu stAl sem snýr að brotthvarfi nemenda og möguleikum gervigreindar til að styðja við snemmtæka greiningu og íhlutun. FSu var boðin þátttaka í verkefninu en aðkoma félagsráðgjafa tengdist fyrri vinnu og lokaverkefni í fjölskyldumeðferð sem fjallaði um skólaforðun og viðbrögð við henni. Verkefnið er leitt af Háskóla Íslands og fól meðal annars í sér þátttöku í vinnufundi í Brussel þar sem unnið var að þróun og prófun verkfærisins.

Í mars tók félagsráðgjafi þátt í undirbúningi og framkvæmd ungmennanþings Barnaheilla sem haldið var í húsakynnum FSu. Hlutverk félagsráðgjafa fól meðal annars í sér að finna þátttakendur og setja þingið með stuttu hvatningarávarpi. Þátttakendur voru ungmenni af Suðurlandi, meðal annars úr FSu, grunnskólum á Selfossi og nágrennasveitarfélögum. Vegna erfiðra veðurskilyrða og rauðrar veðurviðvörunar komust færri þátttakendur en upphaflega var ráðgert, en um 30 ungmenni, flest af Selfossvæðinu, tóku þátt í þinginu. Tvö ungmenni úr FSu voru síðar valin til áframhaldandi þátttöku í verkefninu þar sem sjónarmið og reynsla ungmenna voru kynnt á stærri vettvangi.

Þann 29. maí heldur félagsráðgjafi erindi um stuðning við ungmenni sem glíma við afleiðingar skilnaðar, með sérstakri áherslu á nýtingu SES-nálgunarinnar. SES er úrræði að danskri fyrirmynd sem hefur verið innleitt á Íslandi í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið. Erindið tengist meðal annars reynslu af vinnu með SES í ráðgjöf innan skólans. Nánar er fjallað um reynslu og ávinning af nálguninni síðar í skýrslunni.

## **Tengiliður í þágu farsældar barna**

Samkvæmt reglugerð um tengiliði og málstjóra skal að minnsta kosti einn starfsmaður gegna hlutverki tengiliðs í hverjum leik-, grunn- og framhaldsskóla. Félagsráðgjafi Fjölbrautaskóla Suðurlands hefur sinnt því hlutverki innan skólans. Á skólaárinu átti félagsráðgjafi fjölmörg samtöl við nemendur, forráðamenn og aðra fagaðila vegna samþættingar þjónustu og stuðnings við nemendur.

Sem tengiliður skólans hefur félagsráðgjafi jafnframt haft umsjón með skipulagningu og eftirfylgni mála á fyrsta þjónustustigi. Á haustönn voru slík mál 22 talsins og á vorönn 14 talsins. Átta málum var lokað á skólaárinu þar sem talið var að viðunandi árangur hefði náðst og eða vegna annarra ástæðna s.s. vegna þess að nemandi fór í annan skóla og eða varð 18 ára á tímabilinu. Mál á fyrsta þjónustustigi eru fjölbreytt og snúa meðal annars að persónulegum áskorunum nemenda, námsörðugleikum, hegðunar- og heilsufarsvanda sem og samskiptavanda innan skóla eða á heimili.

## **Ráðgjöf og einstaklingsviðtöl**

Frá því skólafélagsráðgjafi hóf störf við skólann fyrir þremur árum hefur starfið þróast og verkefnum fjölgað. Auk einstaklingsviðtala felur starfið meðal annars í sér þátttöku í teymisfundum, samstarf við foreldra og fagaðila, eftirfylgni mála og önnur verkefni sem fjallað verður nánar um í öðrum köflum skýrslunnar. Hér á eftir verður leitast við að varpa ljósi á helstu verkefni tengd einstaklingsviðtölum og umfang þeirra. Þó að tölur um fjölda nemenda og viðtala gefi ákveðna mynd af þjónustunni endurspeglar þær ekki að fullu umfang starfsins en ákveðinn tími fer jafnframt í undirbúning og eftirfylgni.

Eitt af meginhlutverkum skólafélagsráðgjafa er að veita nemendum félagslega og persónulega ráðgjöf og stuðning. Á skólaárinu 2025–2026 leituðu alls 143 nemendur eftir þjónustu í einstaklingsviðtölum. Flestir nemendur bókuðu viðtal sjálfir í gegnum rafrænt bókunarkerfi, en einnig bárust beiðnir frá starfsfólki skólans, stoðþjónustu og forsjáraðilum. Af þeim sem fengu boð í viðtal mættu fimm nemendur ekki í fyrsta viðtal.

Þjónustubörf nemenda var fjölbreytt og ástæður komu margvíslegar. Algeng viðfangsefni tengdust meðal annars vanlíðan, álagi, kvíða, einmanaleika, samskiptavanda, erfiðum heimilisaðstæðum, sjálfsmynd og öðrum félagslegum eða persónulegum áskorunum. Í mörgum tilvikum var um að ræða samspil fleiri en eins þáttar.

Til að fá skýrari mynd af líðan og aðstæðum nemenda voru í ákveðnum tilfellum lagðir fyrir sjálfsmatslistar, svo sem DASS, PHQ-9 og GAD-7, auk þess sem stuðst var við viðtalsskimun sem byggir á ACEs. Slík verkfæri nýtast við mat á líðan og aðstæðum nemenda og geta verið stuðningur við ákvörðun um frekari þjónustu eða úrræði. Listarnir eru þó ekki lagðir fyrir í öllum tilvikum heldur er það metið út frá aðstæðum og þörfum hvers nemanda.

Reynsla tengd skilnaði foreldra og því að búa á tveimur heimilum kemur oft fram í samtölum við nemendur, þó hún sé sjaldnast meginástæða komu. Slíkar aðstæður geta haft áhrif á líðan, valdið streitu eða kvíða og haft áhrif á nám, skólasókn og félagslega þátttöku. SES-nálgunin hefur nýst vel í einstaklingsviðtölum og veitt gagnleg verkfæri til að styðja við ungmenni í þessum aðstæðum.

Fjöldi viðtala við hvern nemanda var mismunandi eftir eðli og umfangi mála. Sumir nemendur komu í eitt viðtal vegna afmarkaðs máls, á meðan aðrir nýttu sér reglulegan stuðning yfir lengri tíma. Viðtöl eru að jafnaði um 50 mínútur að lengd en geta verið bæði styttri og lengri eftir þörfum. Lögð er áhersla á valdeflingu, lausnamiðaða nálgun og að mæta hverjum nemanda út frá aðstæðum hans og þörfum.

Þegar talið var að nemendur þyrftu frekari eða sérhæfðari stuðning var þeim veitt aðstoð við að finna viðeigandi úrræði og koma málum í réttan farveg í samstarfi við nemanda og eftir atvikum forsjáraðila.

## EKKO vinna

EKKO-teymi sem stofnað var á haustönn 2024 hélt áfram störfum sínum á skólaárinu. Í teyminu sitja náms- og starfsráðgjafar og félagsráðgjafi, sem jafnframt gegnir hlutverki teymisstjóra. Teymið fundar vikulega á mánudögum og sinnir bæði vinnslu EKKO-mála og forvarnarstarfi á sviðinu í samvinnu við aðra. EKKO-teymið er viðbragðsteymi sem kemur að málum þar sem grunur er um einelti eða kynferðislega/kynbundna áreitni eða ofbeldi.

Nokkur fjölgun varð á formlegum EKKO-málum á skólaárinu, en alls voru 12 mál til vinnslu; þar af 10 í formlegri vinnslu og tvö í óformlegri vinnslu. Mikilvægt er þó að hafa í huga að aukinn fjöldi mála þarf ekki endilega að endurspegla aukningu á EKKO-atvikum, heldur getur hann einnig tengst uppbyggingu og þróun EKKO-vinnunnar innan skólans. Með skýrara verklagi og markvissari skráningu hefur skapast betri yfirsýn yfir mál sem áður hefðu mögulega ekki farið í formlega vinnslu eða komið fram með sama hætti.

Í málum sem nemendur kjósa að vinna í óformlegum farvegi er megináhersla lögð á samtal, stuðning og mat á aðstæðum. Slík mál geta gefið mikilvægar vísbendingar um samskipti, líðan og menningu innan skólasamfélagsins og þannig nýst sem grunnur að þróun forvarna og almennra aðgerða. Eitt af því sem vinna EKKO-teymisins hefur skilað er skýrari tenging milli málavinnslu og forvarna, þar sem reynsla og mynstur sem koma fram í EKKO-málum eru nýtt til að styrkja fræðslu, efla jákvæða skólamenningu og þróa markvissar forvarnir innan skólans.

Á skólaárinu hlaut teymið viðbótarstyrk úr Fageflingarsjóði FSu og vann áfram að uppbyggingu og þróun EKKO-mála. Vinnan fól meðal annars í sér að ljúka EKKO-bæklingi sem nú er aðgengilegur á heimasíðu skólans. Teymið naut aðkomu Ágústu Ragnarsdóttur kennara við grafíska hönnun ásamt fjölda nemenda sem komu að útfærslu bæklingsins.

Jafnframt var unnið að þróun framtíðarskipulags EKKO-forvarna sem leiddi meðal annars til verkefnisins *Jákvæður nóvember*. EKKO-teymið tók þátt í *Kátum dögum* með svokallaðri *Hjartastöð* þar sem nemendur fengu tækifæri til að senda jákvæð skilaboð út í daginn. Þá var jafnframt unnið að þróun fræðslu fyrir starfsfólk um fyrstu viðbrögð í EKKO-málum sem verður við upphaf næsta skólaárs.

## Samstarf og símenntun

Samstarf við náms- og starfsráðgjafa hefur verið mikilvægur þáttur í daglegu starfi og innan nemendabjónustu skólans. Dýrmætt hefur verið að geta byggt á ólíkri fagþekkingu og nálgast mál nemenda út frá fjölbreyttum sjónarhornum, sérstaklega í flóknari málum þar sem samráð og sameiginleg sýn skipta máli. Félagsráðgjafi hefur átt samstarf við kennara, umsjónarkennara erlendra nemenda og sviðsstjóra sérnámsbrautar, en skólinn býr að fjölbreyttum nemendahópi og samvinna í málefnum nemenda er mikilvægur þáttur í starfinu. Töluvert reynir einnig á samvinnu við aðila og stofnanir utan skóla, svo sem grunnskóla, félagsþjónustur sveitarfélaga og fósturheimili á vegum barnaverndaryfirvalda. Hjúkrunarfræðingur frá HSU var áfram með fasta viðveru í skólanum eftir hádegi á fimmtudögum á skólaárinu. Samstarfið hefur reynst góð viðbót við stoðþjónustu skólans og aukið aðgengi nemenda að mati, stuðningi og tengingu við viðeigandi heilbrigðisþjónustu þegar þörf er á.

Félagsráðgjafi skólans hefur haldið utan um samskipti við barnaverndarþjónustur sveitarfélaga á skólaárinu, meðal annars vegna tilkynninga til barnaverndar sem voru sjö talsins. Jafnframt var nokkuð um að barnaverndarþjónustur óskuðu eftir upplýsingum í málum barna þar sem félagsráðgjafi annaðist söfnun og miðlun upplýsinga í samráði við viðeigandi aðila. Þá sat félagsráðgjafi nokkra teymis- og yfirfærslufundi í málum nemenda.

Samkvæmt starfslýsingu félagsráðgjafa felur starfið einnig í sér ráðgjöf til starfsfólks. Helstu viðfangsefni sem starfsfólk leitaði til félagsráðgjafa með tengdust áhyggjum af líðan og heimilisaðstæðum nemenda, ofbeldi og áreitni, hegðunar- og samskiptavanda og aðstoð við samskipti í tengslum við önnur þjónustukerfi.

Félagsráðgjafi sat á skólaárinu í framkvæmdarteymi Öruggara Suðurlands sem er svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum. Hópurinn fundar hálfsmánaðarlega og vinnur að forvörnum á svæðinu. Á skólaárinu tók félagsráðgjafi jafnframt þátt í sérstökum starfshópi á vegum Öruggara Suðurlands sem fjallaði um forvarnir í tengslum við úti- og bæjarhátíðir. Mikilvægt þótti að framhaldsskólar ættu aðkomu að slíkri vinnu þar sem þeir hafa beina innsýn í stöðu og þarfir ungmenna.

Félagsráðgjafi sat í farsældarráði fyrir hönd skólans þar sem fulltrúar frá ólíkum þjónustukerfum vinna að samstarfi og samræmingu þjónustu í þágu barna og ungmenna. Þá sat félagsráðgjafi einnig í áfallateymi skólans.

Félagsráðgjafi sótti ýmis námskeið, vinnufundi og fræðslu á skólaárinu:

- Félagsráðgjafi sótti ásamt námsráðgjöfum málþing á vegum Menntafléttunnar um skólaforðun og skólasóknarvanda þar sem fjallað var um orsakir, afleiðingar og leiðir til stuðnings og íhlutunar fyrir börn og ungmenni.
- Félagsráðgjafi sótti ásamt námsráðgjöfum vinnufundinn *Saman tryggjum við öryggi barna* þar sem fjallað var um samræmd viðbrögð við ofbeldi meðal barna og mikilvægi snemmtækrar íhlutunar.
- Félagsráðgjafi lauk SES PRO námskeiði á vegum Barna- og fjölskyldustofu sem veitir réttindi sem SES-ráðgjafi.
- Félagsráðgjafi fór á þrískólafund á Suðurnesin í september ásamt öðrum starfsmönnum skólans.

## **Umræður og framtíðarsýn**

Skólaárið 2025–2026 einkenndist af áframhaldandi þróun starfsins. Eftir því sem skólafélagsráðgjafi hefur starfað lengur innan skólans hefur orðið skýrara hvernig starfið nýtist best og þróast samhliða þörfum nemenda og daglegu skólastarfi.

Við vinnslu ársskýrslunnar hefur verið áhugavert að líta til baka og sjá hvernig starfið hefur þróast á þeim þremur árum sem skólafélagsráðgjafi hefur starfað við FSu. Á skólaárinu varð enn skýrara hversu mikilvægt samstarf og ólík sjónarhorn eru í vinnu með nemendum. Margt af því sem kemur upp í skólastarfi verður ekki leyst af einum aðila heldur kallar á samstarf og samvinnu ólíkra fagaðila.

Það var jafnframt ánægjulegt að sjá skólafélagsráðgjöf nefnda í nýútgefinni skýrslu *Álag í skólastarfi – ástæður og tillögur að úrbótum* í tengslum við mikilvægi fjölbreyttrar fagþekkingar og leiða til að styðja við skólastarf og draga úr álagi. Áfram verður lögð áhersla

á að byggja á þeirri reynslu sem skapast hefur og þróa starfið í takt við þarfir nemenda og skólasamfélagsins hverju sinni.

Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi MA